

**Aukaaðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands**  
haldinn 20. maí 2021, kl 14.00. Fjarfundur á Teams.

Fundinn sátu:

Frá Heilbrigðisnefnd: Karitas Jónsdóttir Akranes, Auður Kjartansdóttir Snæfellsbæ, Steinunn I. Magnúsdóttir Stykkishólmi, Silja Steingrímsdóttir Borgarbyggð og Ragnhildur Sigurðardóttir f.h náttúruverndarnefnda.

Fh. eigenda: Árni Hjörleifsson Skorradalshreppi, Björg Ágústsdóttir Grundarfirði, Jakob Björgvin Jakobsson Stykkishólmi, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Linda Björk Pálsdóttir Hvalfjarðarsveit, Sævar Freyr Þráinsson Akranes, Skúli Guðbjörnsson Dalabyggð, Kristján Sturluson Dalabyggð og Þórdís Sigurðardóttir Borgarbyggð.

Gestir: Páll Snævar Brynjarsson SSV

Þorsteinn Narfason ritaði fundargerð.

## Dagskrá

### 1. Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Ofangreind samþykkt var lögð fram með breytingu Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Heilbrigðisnefnd fjallaði um málið á síðasta fundi og eftirfarandi var bókað: Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og vísar henni til eigendafundar og Kjósarhrepps til afgreiðslu.

*Aukaaðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samþykkir framlagða samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands með áorðnum breytingum fyrir sitt leyti. Samþykktin felur í sér að Kjósarhreppur verður hluti af starfssvæði HEV. Samþykktinni er vísað til afgreiðslu til sveitarstjórna á Vesturlandi.*

### 2. Staða eftirlits og starfsleyfisútgáfu – Ráðning sumarafleysingarmanns

Tillaga að breytingu á fjárhagsáætlun ársins 2021 verður lögð fram, Gert ráð fyrir ráðningu heilbrigðisfulltrúa í þrjá mánuði í júní til ágúst.

*Aukaaðalfundur samþykkir að ráða heilbrigðisfulltrúa í allt að 3 mánuði í sumar og veitir auknar fjárheimildir kr. 3,4 milljónir sem gert er ráð fyrir að greiðist af eftirlitsgjöldum.*

### 3. Önnur mál.

- Lagt er til að samstarfskostnaður sveitarfélagana á Vesturlandi verði innheimtur í þremur jöfnum greiðslum í júní, í september og í nóvember.  
*Samþykkt.*
- Aukaaðalfundur hvetur heilbrigðisnefnd til að rýna gjaldskrá í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 15.06